



**Grænt bókhald 2010**



**Hringrás hf | Klettagörðum 9 | 104 Reykjavík | Ísland**

## Efnisyfirlit

|                                          |   |
|------------------------------------------|---|
| Grænt bókhald 2010 .....                 | 1 |
| Yfirlýsing stjórnar .....                | 3 |
| Staðfesting endurskoðanda .....          | 3 |
| Almennar upplýsingar um fyrirtækið ..... | 5 |
| Umhverfismál .....                       | 5 |
| Meginnotkun fyrirtækisins .....          | 7 |
| Fyrirtækjaflokkur .....                  | 7 |



Með græna bókhaldinu eru gefnar upplýsingar um þá þætti sem valda neikvæðum umhverfisáhrifum framleiðslunnar. Megininntak umhverfisstjórnunarkerfa er að fyrirtæki þekki umhverfisáhrif starfseminnar og þá þætti í starfseminni sem valda áhrifunum. Virk umhverfisstjórnun felur í sér markmið, framkvæmd og sönnun ( vöktun, skráning og skýrslugerð).

## Yfirlýsing stjórnar


Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Hringrásar hf. koma fram í þessu græna bókhaldi allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á umhverfisáhrifum félagsins.

Félagið fékk starfsleyfi til endurvinnslu þann 11. mars 2005 og gildir leyfið til 2013 og starfsleyfi til spilliefnamóttöku þann 16. nóvember 2005 og gildir 2017.


Engin umhverfisslys urðu á árinu 2010.

Í stjórn Hringrásar eru: Gunnar Jóhann Birgisson stjórnarformaður, Einar Ásgeirsson, Graham H. Wright, Sigurður Arnljótsson og Sveinn Ásgeirsson.


Reykjavík 27.maí 2010



Einar Ásgeirsson  
Framkvæmdastjóri Hringrásar



Gunnar J. Birgisson-Stjórnarformaður



Sigurður Arnljótsson

Sveinn Ásgeirsson

## Áritun Endurskoðanda.

Ég hef endurskoðað útreikninga og yfirlýsingar sem fram koma í umhverfisskýrslu Hringrásar hf fyrir árið 2010. Þetta er gert í samræmi við kröfur í reglugerð nr.851/2002 um grænt bókhald. Hringrás hf er í flokki þeirra fyrirtækja sem falla undir viðauka þeirrar reglugerðar, flokk 5.1. Stöðvar fyrir meðhöndlun, förgun eða endurnýtingu spilliefna. Umhverfisskýrslan er lögð fram af stjórnendum Hringrásar hf og á ábyrgð þeirra. Ábyrgð mín felst í því álit sem ég læt í ljós á framsettum gögnum í umhverfisskýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðunin er í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur, en samkvæmt henni ber að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að umhverfisskýrslan sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna upplýsingar sem fram eru settar í umhverfisskýrslunni. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á útreikningum sem beitt er við mat á stærðargráðu einstakra þátta sem upp eru taldir í umhverfisskýrslunni. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanleg traustur grunnur til þess að byggja á álit mitt.

Það er álit mitt að umhverfisskýrslan gefi góða mynd af umhverfisáhrifum rekstrarins fyrir árið 2010, í samræmi við góðar og viðteknar venjur í atvinnugreininni.

Reykjavík, 18.07.2011

VSÓ Ráðgjöf



Guðjón Jónsson

efnaverkfræðingur

## Almennar upplýsingar um fyrirtækið

Fyrirtækið var stofnað árið 1950 þegar stofnuð var endurvinnsludeild hjá Vélsmiðjunni Sindra. Árið 1989 var endurvinnslustarfsemin skilin frá Sindra og um hana stofnað sérstakt fyrirtæki, Hringrás endurvinnsla.

Aðal athafnasvæði Hringrásar er að Klettagörðum 9 í Reykjavík. Þar er tekið við bílum til förgunar, brotajárni, málmum og spilliefnum alla daga vikunnar allt árið um kring. Hringrás er einnig með starfsleyfi á þremur stöðum á landinu. Þeir eru Helguvík í Reykjanesbæ, Akureyri og á Reyðarfirði í Fjarðabyggð.

Hjá Hringrás hafa aðferðir og tæki til söfnunar, vinnslu og útflutnings brotamálma þróast mikið, en fyrirtækið hefur flutt úr landi hátt í eina milljón tonna af brotajárni. Í meira en hálfa öld hefur Hringrás (áður endurvinnsla Sindra) þróað nýjar aðferðir við endurvinnslu brotajárns og málma og innleitt ýmsar lausnir við endurvinnslu brotajárns og málma sem hafa gefist vel við íslenskar aðstæður.

Eigendur félagsins eru, Einar Ásgeirsson 60% og Sveinn Ásgeirsson 40%. Framkvæmdastjóri félagsins er Einar Ásgeirsson.

Hringrás hf. kt. 420589-1319 var fyrst veitt starfsleyfi til endurvinnslu var Klettagörðum 9, 104 Reykjavík, 11.mars 2005 og gildir til 2013 og starfsleyfi til spilliefnamóttöku var veitt Hringrás hf, þann 16.Nóvember 2005 og gildir til 1. Nóvember 2017. Leyfið er til móttöku, flokkunar og þökkunar spilliefna og annarra úrgangsefna sem þurfa sérstaka meðhöndlun og forvinnslu fyrir endurvinnslu eða förgun. Útgefandi starfsleyfisins er Umhverfisstofnun. Eftirlitsaðili er Umhverfis og heilbrigðisvið Reykjavíkurborgar. Númer fyrirtækjaflokks er 5.1.

## Umhverfismál

Hringrás tekur á móti m.a. brotajárni, málmum, rafgeymum, spilliefnum, raf-og rafeindatækjum og hjólbörðum.

Fyrirtækið bætti við tækjakost sinn á árinu Scania dráttarbil og gámabíl, Volvo dráttarbill, Caterpillar lyftari og gámalyftu, lögð er áhersla á gott fyrirbyggjandi viðhald og uppfyllir tækjakosturinn alla almenna umhverfisstaðla en að öðrum kosti er vísað til framleiðenda vélanna um tæknilegar upplýsingar.

Öll niðurföll eru tengd olúskilju til að hindra megí mögulega mengun berist hún í niðurföll. Olúskiljur eru á athafnasvæðinu og var uppdæling úr olúskiljum 2 sinnum á árinu 2010.

Spilliefni eru geymd í lokuðu húsnaði með lokaðri safnþró. Einnig er lokuð þró á útisvæði þar sem spilliefni eru meðhöndluð, sýnitaka er tekin úr þrónni áður en hún er losuð. Starfsmenn sem meðhöndla

spilliefni fara eftir ADR og IMO vegna meðhöndlunar og flutnings spilliefna. Efnin fara síðan eins fljótt og kostur er til viðeigandi aðila innanlands og utan í endurvinnslu eða eyðingu.

## Meginnotkun fyrirtækisins

Upplýsingar um meginnotkun fyrirtækisins á hráefnum, orku, jarðhitavatni og köldu vatni á bókhaldstímabilinu, ásamt helstu tegundum og magni efna sem valda mengun. Magn móttekinna spilliefna er sett fram í formi visitölu og er miðað við árið 2007 sem 100:

|                   |         |             |
|-------------------|---------|-------------|
| Raforka           | 203.749 | Kwst        |
| Jarðefnaeldsneyti | 25.8846 | lítrar/tonn |
| Jarðhitavatn      | 5.202   | Rúmmetrar   |
| Kalt vatn         | 7.694   | Rúmmetrar   |

### Endurnotaðar umbúðir

|        |     |      |
|--------|-----|------|
| Sekkir | 403 | stk. |
| Tunnur | 134 | stk. |
| Tankar | 47  | stk. |
| Kör    | 343 | stk. |

### Móttekin spilliefni

|            |    |          |
|------------|----|----------|
| Spilliefni | 76 | vísitala |
|------------|----|----------|

Magntölur sem fram koma í grænu bókhaldi eru fengnar frá birgjum.

## Fyrirtækjaflokkur

Félagið flokkast sem 5.1 Stöð fyrir meðhöndlun, förgun eða endurnýtingu spilliefna.